



Reykjavík 04.12.2019

Borgarstjórn  
Helga Björk Laxdal  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 4. desember 2019 varðandi eftirfarandi mál.

### Reykjavíkflugvöllur

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkflugvallar. Í breytingunni felst breyting á deiliskipulagsmörkum og færslu á flugvallargirðingu til austurs til móts við Nauthólsvík, vegna aðkomutengingar við Fossvogsbrú, samkvæmt uppdr. T.ark arkitekta dags. 13. nóvember 2019.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Visað til borgarráðs.

*Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar: Fulltrúi Miðflokksins leggst alfarið gegn öllum breytingum skipulags sem þrengja að svæði Reykjavíkflugvallar. Slíkt er með öllu ótímabært, að ekki sé talað um að hér á að ráðast í skipulagsbreytingar gagngert vegna framkvæmdar við brú yfir Fossvog, en þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar fulltrúa Miðflokksins hefur það verk ekki enn verið arðsemismetið eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Vegagerðin kemur að þessari framkvæmd og fjármagnar stærstan hlut hennar. Nú er það svo, að um Vegagerðina gilda lög rétt eins og aðrar stofnanir og þar segir í II.kafla, grein 4. : „Vegagerðin tekur þátt í gerð samgönguáætlunar. Stofnunin mótar almenna stefnu og viðmið um byggingu, viðhald og þjónustu samgöngumannvirkja, annast forsendugreiningu og frumrannsóknir vegna þeirra, greinir og ber saman ólíka valkosti, gerir tillögu að forgangsröðun verkefna, frumhannar mannvirki og metur kostnað, ARÐSEMI og umhverfisáhrif þeirra.“*

*Að ofangreindu er ljóst að arðsemismat er ekkert smámál, það er einn mikilvægasti liður frumstigs hverrar framkvæmdar, þar sem framkvæmdir með slakt arðsemismat eru vinsaðar úr á því stigi, ÁÐUR en lagt er í frekari kostnað við hönnun o.s.frv. o.s.frv.;*


*Tillaga þessi er því ekki hæf til afgreiðslu.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

*Glóey Helgudóttir Finnsdóttir*

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: uppdr. T.ark arkitekta dags. 13. nóvember 2019.




## GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU

Í gildi er deiliskipulag Reykjavíkur sem var samþykkt í sveitarstjórn 15. júní 1999, með síðari breytingu samþ. í borgarráði 9. feb. 2017, auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 8. mars 2017.

Deiliskipulagsbreytingin felst í því að breyta deiliskipulagsmörkum og færa flugvallargirðingu á austari hluta Reykjavíkurflugvallar til móts við deiliskipulag Nauthólsvíkur, sem minnkar skipulagssvæðið um 4.456 m<sup>2</sup>. Landssvæðið sem færast út fyrir skipulagssvæðið færast yfir á deiliskipulagsbreytingu fyrir Nauthólsvík dags. 11.11.2019.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030


### GILDANDI DEILISKIPULAG REYKJAVÍKURFLUGVALLAR (smækkaður uppdráttur)

Samþ. í sveitarstjórn 15. júní 1999, með síðari breytingu samþ. í borgarráði 9. feb. 2017, auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 8. mars 2017.



### GILDANDI DEILISKIPULAG REYKJAVÍKURFLUGVALLAR mkv. 1:3000

Samþ. í sveitarstjórn 15. júní 1999, með síðari breytingu samþ. í borgarráði 9. feb. 2017, auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 8. mars 2017.



### TILLAGA AÐ BREYTINGU DEILISKIPULAGS REYKJAVÍKURFLUGVALLAR mkv. 1:3000


- Deiliskipulagsmörk Reykjavíkurflugvallar
- Öryggisgirðing Reykjavíkurflugvallar

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í þann 20. og í þann 20.

Tillagan var auglýst frá 20. með athugasemdafresti til 20.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 20.

BREYTINGAR:



**T.ark**  
ARKITEKTAR  
HÁTÚNI 2b - 105 REYKJAVÍK  
SÍMI: 540 5700  
tark@tark.is - www.tark.is

VERKHEITI  
**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR  
TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI 2019**

VERK  
Minnkun flugvallarins vegna samræmis við nærliggjandi deiliskipulög

MÁL: 1:3000 / A1  
HANNAD: HE  
YERFARID: HE

DAGS: 13.11.2019  
TEIKNAD: KK

VERKNUMER: 400-020  
FL: 04  
TEIKNANUMER: 1.1-01  
DTG:

SAMD: Halldór Eiríksson Arkitekt FAI RISA KL: 130272-5749

Öfirlit og aðrir teikningar, að hluta eða heild, er háð samþykki höfundara, skv. ákvæðum höfundalaga.